

Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglug. 415/2014 (CLP), reglug. 750/2008 (REACH).

KÍSILL EHF**1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.****1.1. Auðkenni vöru**Söluheiti vöru: **MÚRSÍLAN / GRUNNSÍLAN**

Tilvísunarnúmer: -

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: -

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Vatnsfæla fyrir steinsteypa fleti.

Fráráðin notkun: -

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: KÍSILL ehf. Smiðjuvegi 4a 200 Kópavogi, sími 551 5960

Tengiliður fyrirtækis: kisill@simnet.is

Útgáfudagsetning: 20.05.2016

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>**1.4. Neyðarsímanúmer:**

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.**2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar****Flokkun skv. reglugerð nr.750/2008 með síðari breytingum (REACH)**

-

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Eiturhrif við ásvelgingu, fl. 1

Húðerting, fl. 2

Augnerting, fl. 2

Sértæk eiturhrif á marklíffæri, endurtekin váhrif, miðtaugakerfi, fl. 1

Hættulegt fyrir vatnsumhverfi, fl. 3

Helstu hættur

Eðlisræn hætta: -

Heilsufarshætta: Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. Ertir húð. Getur valdið alvarlegri augnertingu. Getur valdeidd ertingu í öndunarfærum. Endurtekin eða langvarandi notkun getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi.

Umhverfishætta: -

2.2. Umbúðamerkingar**Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)**

Hættumerki:

Viðvörðunarorð: Hætta

Innihaldsefni: Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt

Hættusetningar (H): H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
 H315 Veldur húðertingu.
 H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
 H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
 H372 Skaðar líffæri (miðtaugakerfi) við langvinn eða endurtekin váhrif.

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.

Forvarnir: P261 Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.

Viðbrögð: P301 + P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

P331 EKKI framkalla uppköst.

P302 + P352 BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.

P305 + P351 + P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

Geymsla: -

Förgun: -

Viðbótarupplýsingar: -

Takmarkanir á notkun:-

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: Eldfimt. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur myndað eldfima/sprengifima gufu með andrúmslofti.
 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun, CLP/REACH
64742-82-1	265-185-4	Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt	60 - 80	Eit. v. ásvelg. 1 H304 SEM-EV 1 H372 Langv. eit. á vatn 3 H412
2943-75-1	220-941-2	Oktýltrióxýsílan	20 - 40	Húðert. 2 H315 Augnert. 2 H319

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

<i>Almennt:</i>	Leitið lækni ef grunur er um heilsutjón af völdum efnisins eða ef lasleikaeinkenni eru viðvarandi.
<i>Við innöndun:</i>	Tryggið hreint loft og hvíld. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
<i>Snerting við húð:</i>	Farið strax úr fötum og skóm sem mengast af efninu og þvoðið húðina vandlega með vatni og sápu.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið vandlega með nægu vatni með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á og það er auðvelt. Skolið áfram.
<i>Inntaka:</i>	Framkallið EKKI uppköst. Leitið umsvifalaust lækni. Flytjið slasaða strax á sjúkrahús ef talið er að efnið hafi komist í lungun t.d. við uppköst eða inntöku.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Hætta er á ásvelgingu og lungnabjúg.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða froða.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háprýsta vatnssprautu.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Gufa efnisins getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Hættuleg niðurbrotsefni eru kolmónoxíð, koldíoxíð, formaldehyð.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Eftir aðstæðum. Notið ferskloftstæki við slökkvistörf í lokuðu rými.

Sérstakar aðferðir: Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Athugið að hætta er á hálkumyndun þar sem efnið hefur farið niður. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki.

Hlífðarbúnaður: Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Látið efnið ekki berast í niðurföll, vötn eða jarðveg.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Efnaleki: Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efni sem fer niður og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Ef umtalsvert magn berst í niðurföll, vatnsfar-vegi eða jarðveg þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 12 fyrir upplýsingar varúðarráðstafanir vegna umhverfisins.

7. Meðhöndlun og geymsla.**7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

Meðhöndlun: Varist innöndun gufu eða úða og sneringu við húð og augu.
Gerid varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Notið aðeins neistavarin tæki og leiðslur. Notið alltaf jarðtengingu þegar efnið er fært á milli íláta. Tryggið fullnægjandi loftræstingu.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymið í vel lokuðum umbúðum fjarri hita- og neistagjöfum. Geymið ekki með sterkum oxunarmiðlum.
Ósamrýmanleiki: Sterkir oxunarmiðlar, sterkar sýrur.

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: -

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.**8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Oliuþoka, (olíuúði): (MG) 1 mg/m³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu.

Persónuhlífar:

Öndunartæki: Notið alltaf viðeigandi viðurkennda öndunargrímu við úðun og ef hættu er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

Fyrir hendur: Efnapólnir hlífðarhandskar.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður. Notið ógegndræpan hlífðarfatnað ef hættu er á slettum.

Hreinlæti við vinnu: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Farið strax úr fötum og skóm sem mengast af efniinu og þvoðið áður en þau eru notuð aftur.

Umhverfið: Hindrið að efnið berist í yfirborðsvatn eða grunnvatn.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.**9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika**

Ástand: Vökvi / litlaus / terpentínulykt

Útlit: -

Lykt: -

Sýrustig (pH): -

Suðumark: > 150 til < 190°C

Bræðslumark: -

Blossamark: > 40°C

Sprengimörk: -

<i>Sjálfikveikja:</i>	-
<i>Íkveikimörk:</i>	> 230°C
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Gufuþéttni:</i>	-
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	< 1 g/sm ³
<i>Seigja:</i>	-
<i>Leysni:</i>	Leysist að hluta í vatni, hvarfast að hluta við vatn
<i>Deilistuðull:</i>	-

9.2. Aðrar upplýsingar

Annað: -

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Efnið er stöðugt.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og notkun.

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Engin þekkt.

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar og sterkar sýrur.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Kolmónoxíð, koldíoxíð, formaldehýð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Almennt: -

Helstu áhrifaleiðir: Innöndun, húð, augu, inntaka.

Áhrif við innöndun: Getur valdið ertingu. Endurtekin eða langvarandi innöndun lífrænna leysiefna getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi.

Áhrif á augu: Ertandi. Slettur í augu valda sviða.

Áhrif á húð: Ertandi. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Áhrif við inntöku: Ógleði, uppköst. Efnið getur valdið lungnaskaða ef það berst í lungu við inntöku eða uppköst.

Bráð eiturhrif: Hrábensín (64742-82-1):
 LC50 (innöndun, rottur): 3400 - 5500 mg/m³/4 klst.
 LD50 (húð): > 2000 mg/kg
 LD50 (inntaka, rottur): > 5000 mg/kg

Langvinn áhrif: Endurtekin eða langvarandi innöndun eða snerting við leysiefni getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi, lifur og nýrum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.**12.1. Eiturhrif**

Eiturhrif: Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun í lífverum: Ekki talið safnast upp í lífríkinu.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Hrábensín berst greiðlega um jarðveg. Leysist ekki í vatni en dreifist um yfirborðið þar sem það gufar upp að miklu leyti og brotnar niður fyrir áhrif sólarljóss. Í vatni verður tríetoxýsílan fyrir vatnsrofi með myndun á alkohóli og lífrænum silíkonsamböndum.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Nei.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: -

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

13. Förgun.**13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Meðhöndlun úrgangs: Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: -

Förgun umbúða: Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR-flokkur:	3	Flokkunarkóði:	31c
	SP-númer:	1300	Pökkunarflokkur:	III
	Hættunúmer:	30	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	-	Gangakóði:	-
	Nafn efnis:	Flammable liquid		
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur:	3.3	Pökkunarflokkur:	III
	SP-númer:	1300	EmS:	-
	Varúðarmerki:	-	Sjávarmengandi:	Já
	Nafn efnis:	Flammable liquid		

Flutningur í lofti: IATA flokkur: - Pökkunarflokkur: -
 SP-númer: - Magntakmörkun: -
 Varúðarmerki: -
 Nafn efnis: -

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og IBC-kóðanum: -

15. Upplýsingar varðandi regluverk.

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

EB reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
 Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Aðrar reglugerðir: -

Takmarkanir á notkun:-

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: -

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 20.05.2016

Útgáfa númer: 2,0

Breyttir liðir: Allir.

Öryggisblað gert fyrir: KÍSILL ehf. Smiðjuvegi 4a 200 Kópavogi, sími 551 5960

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H315 Veldur húðertingu.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
- H372 Skaðar líffæri (miðtaugakerfi) við langvinn eða endurtekin váhrif.

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.